

52	25. Gjöld samkv. 18. gr. fjárl.	kr.	1 345 111.00	kr.	2 635 361.47
5. apríl	26. — — 19. — —	—	250 000.00	—	3 263 954.08
	27. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárl. —	—	6 185 196.00	—	33 680 807.26
		Kr.	95 950 548.00	Kr.	157 934 737.37

Gjört i Reykjavík, 5. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

53
2. apríl

AUGLÝSING

um afnám vísungjalds.

Með orðsendingu sendiherra Finnlands, dags. 17. febrúar 1948, og svari utanríkisráðuneytisins, dags. 18. marz 1948, hefur náðst samkomulag um afnám vísungjalds íslenzkra ríkisborgara, sem ferðast vilja til Finnlands, og gagnkvæmt.

Samkomulag þetta gengur í gildi hinn 24. apríl 1948.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 2. apríl 1948.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

54
22. marz

FORSETA BRÉF

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, að Alþingi, 67. löggjafarþingi, skuli slitið miðvikudaginn 24. marz 1948.

Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gjört i Reykjavík, 22. marz 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.